

# Leikskólinn Skerjagarður



## Starfsáætlun

2019 – 2020



Leikskólinn  
**SKERJAGARÐUR**  
gleði | frumkvæði | sköpun

## **Leikskólinn Skerjagarður**

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13 er einkarekinn með þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

Rekstraraðilar eru Sóldís Harðardóttir leikskólakennari og Þórbjörn Sigurðsson.

Leikskólinn er aðili að Samtökum sjálfstæðra skóla.

Leikskólinn Skerjagarður er tveggja deilda. Á síðasta skólaári voru 50 börn í skólanum, öll í heilsdagsvistun. Á Bóli sem er yngri deildin eru börn á aldrinum sextán mánaða til tveggja og hálfes árs. Á Bakka sem er eldri deildin eru börn á aldrinum tveggja og hálfes árs til sex ára. Lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Allt nám á að veita börnum ánægju og vekja áhuga á að læra meira.



## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	4
Greinargerð leikskólastjóra .....	4
1 Innra mat Ból.....	7
2 Innra mat Bakki.....	9
3 Ytra mat .....	11
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	12
4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	13
5 Foreldrasamvinna.....	14
Fylgigögn.....	15
a. Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	15
b. Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	15
c. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....	15



## Leiðarljós leikskólans:

### Gleði – Frumkvæði – Sköpun

Einkunnarorð Skerjagarðs eru „staldraðu við og skoðaðu heiminn því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð“. Höfum við það að leiðarljósi í öllu okkar starfi.

## Greinargerð leikskólastjóra

Á Skerjagarði er lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Allt nám á að veita börnum ánægju og vekja áhuga á að læra meira. Það sem einkennir okkur á Skerjagarði er að við leggjum okkur fram við að skoða okkur í starfi, viljum taka framförum og höfum metnað til að gera faglegt starf betra.

Á síðasta skólaári unnum við markvisst eftir umbótaáætlun ársins á undan. Það má segja að starfsmannahald hafi verið stöðugt kennarar og annað starfsfólk sótti námskeið og fleira sem nýttist vel í starfi.

Á þessu skólaári höfum við verið ánægð með hvernig við erum búin að móta okkar áherslur í útikennslu á skapandi og fjölbreyttan hátt. Markmiðið er að halda áfram og þróa betur útikennslu, bæta við okkur þekkingu þar sem við kennarar ýtum undir forvitni og áhuga barnanna á náttúrunni og umhverfinu. Við höfum tekið saman í töskur góðan efnivið, tæki og áhöld sem börnin geta nýtt sér í ferðir til að uppgötva og rannsaka með.

Börnin á Bakka á eldri deildinni unnu eftir könnunaraðferðinni og fór starfið vel af stað í haust. Yngri börnin tóku fyrir fuglana. Gerður var hugmyndavefur, farið var í vettvangsferðir og fuglar skoðaðir, bækur lesnar, lög sungin um fugla, egg rannsökuð t.d stærð eggja og litir, fótspor fugla skoðuð í snjónum. Börnin völdu sér sinn fugl til að vinna með og voru fuglar útfærðir á ýmsan máta s.s teiknaðir, myndir málaðar, gerðir úr jarðleir og pappamassa. Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá hvað kennarar gátu tengt viðfangsefnið með börnunum út frá grunnþáttum menntunar sem tengt var við hugmyndavef, þannig að öllum þáttum var gerð góð skil.

Eldri börnin á Bakka byrjuðu haustið á að heimsækja safnahúsið á Hverfisgötu og þar fengum þau meðal annars að sjá tönn úr Náhval. Safnvörður sagði börnunum að til forna hefði fólk reynt að selja kóngafólki nátönn og sagt að þetta væri einhyrningahorn. Þetta vakti mikinn áhuga og þar með var ákveðið að rannsaka einhyrninga betur. Farið var á bókasafnið, gerður hugmyndavefur, teiknuð fyrsta mynd, þekking könnuð, stórt sameiginlegt verkefni einhyrningur á stærð við lifandi folald að ósk barnanna. Þetta verkefni var einstaklega skemmtilegt þar sem kennarar þurftu reglulega að kynna sér efnið því þeir vissu ekkert um einhyrninga. Það sýndi sig vel í þessu verkefni hvað það er mikilvægt að



börn og kennarar afla sér saman þekkingar og úr þessu varð einstaklega skemmtilegt verkefni sem kom inn á marga námsþætti. Það er í raun hægt að taka allt fyrir ef áhugi er fyrir hendi.

Sýning á verkum barnanna var í vor á opnu húsi og það var einstaklega áhugavert hvað margir sýndu því áhuga því fjölmennt var af gestum og börnin voru stolt af vinnu sinni.

Lýðræði var einkennandi meðal kennara og barna. Það kom skýrt fram í þeim viðfangsefnum sem tekin voru fyrir í vetur. Nám barna er áskorun þar sem allir taka þátt af áhuga og frumkvæði. Þegar verið var að meta starfið jafnóðum á deildarfundum kom sérstaklega fram hvað lýðræði er haft að leiðarljósi þannig að börnin hafi áhrif á nám sitt og ákvarðanatöku. Kosningar voru ríkjandi á meðal barnanna um ýmsar ákvarðanir sem tengdust því viðfangsefni sem tekin voru fyrir hverju sinni.

Ból er yngri deild leikskólans það voru gerðar breytingar á deildinni útfrá umbótaþáttum síðasta skólaárs. Okkur finnst þetta ganga vel þar sem hver kennari á sína starfstöð og er með fyrirfram ákveðin verkefni/ eða leikefni. Það er betra flæði á deildinni unnið er í litlum hópum og kennarar tengjast betur öllum börnunum á deildinni. Haldin er skráning á hverju svæði þannig að hægt sé að fylgjast með líðan barnsins og þroska þess. Skipulag á deildinni er betra og svæði skólans betur nýtt.

Á þessu skólaári í grundum við hvernig samskipti milli barna eru. Hvað það er mikilvægt veganesti út í lífið að hafa góða félagshæfni. Við veltum því fyrir okkur hvernig við getum stuðlað að betri samskiptum á milli barna þannig að það ríki virðing og vináttu. Við erum komin með gott verkfæri að vinna með til að styrkja okkur í að vinna með samskipti á milli barna. Það fléttast í raun inn í allt starf og tekið markvisst fyrir í samverustundum. Flestir kennarar hafa farið á námskeið hjá Barnaheill í vináttuverkefninu um Blæ bangsa. Vináttuverkefnið fellst í því að fyrirbyggja einelti, móta góðan skólabrag með áherslu á vináttu unnið er með gildin fjögur umburðalyndi, virðing, umhyggja, hugrekki. Notum við námsefni sem fylgir þessu verkefni á báðum deildum. Má segja að allur starfsmannahópurinn er heillaður að þessu verkefni. Við fórum í námsferð til Danmerkur til að dýpka okkur enn frekar í þessu verkefni þar sem við lærðum ýmsa leiki og nudd fyrir börn sem við getum nýtt okkur í starfi. Á starfsdegi í vetur var farið yfir þá umbótaþætti sem á sérstaklega að vinna með voru þar tekin fyrir einnkunnarorð skólans og sáum við það strax að það þarf lengri tíma til að vinna með þá þætti. Tekið var sérstaklega fyrir frumkvæði þá útfrá okkur sem kennurum við erum með efnivið sem ýtir undir frumkvæði barna. Miklar og góðar umræður áttu sér stað í starfsmannahópnum, gerður var hugmyndavefur útfrá frumkvæði. Þegar niðurstöður voru teknar saman þá urðu miklar breytingar á deildinni. Var allur efniviður settur í hæð barnanna þannig að þau geta ákveðið hvað þau vilja nota og vinna með. Hlutverka-herbergið var alveg tekið í gegn börnin



komu með sínar skoðanir á því og útkoman var frábær. En eftir þessar breytingar sjáum við mun á leiknum og börnin bera meiri virðingu fyrir efniviðnum.

Við á Skerjagarði störfum á jafnréttisgrundvelli allir vinna sem ein heild þannig að kennarar hafa trú á gæðum í leikskólastarfinu. Síðasta skólaár var gott og við hlökkum til næsta skólaárs.



## 1 Innra mat Ból

Umbótaþættir útfrá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs. Það urðu breytingar eftir ígrundun eða þegar var farið að vinna eftir þeim markmiðum sem sett voru í upphafi. Strax voru gerðar breytingar, kennarar fylgdu barnahópnum í viku í senn en voru ekki á sama svæði. Kennurum fannst þetta fyrirkomulag betra og skýrara.

Rými og efniviður deildarinnar nýttist betur. Auðveldara var að fylgja sínum barnahóp eftir með skráningum í þar til gerða bók þar sem skráð var hvað gert var hverju sinni og hvernig gekk. Allir kennarar kynntust barnahópnum betur vegna þess að yfir mánuðinn var kennari búin að vera með öll börn deildarinnar í vinnustund og á ákveðnu svæði. Kennarar voru sammála því að þetta hafi reynst vel og börnin upplifðu sig örugg á svæðunum og með sínum kennara. Það sem kom einnig fram í mati deildarinnar var að kennarar vildu fá fleiri hugmyndir og fyrirfram ákveðin verkefni í skapandi starfi með börnunum. Jafnframt að skráning í flæðisbækurnar mætti vera skilmerkilegri.

### Umbótaþættir sem unnið var sérstaklega með á síðasta skólaári 2018-2019

	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Stöðvavinna /svæðaskipting</b>	Kennarar eiga sína starfsstöð mánuð í senn. Og starfslýsing verði skýrari.	Fyrirfram ákveðið hvaða verkefni/leikefni hver kennari býður up á á sinni stöð.	Næsta skólaárið 2018-2019	Deildarstjóri og hópstjórar	Skráning á þar til gerð eyðublöð og Ljósmyndir. Umræður og niðurstöður dregnar saman á deildarfundi einu sinni í mánuði.	Kennarar finni sig öruggan á sínu svæði. Rými deildarinnar nýttist sem best.



**Umbótaþættir sem á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2019-2020. (sjá fylgigögn/gátlista 2)**

Umbótaþættir Ból	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Hugmyndir af verkefnum á svæðum</b>	Hugmyndir af verkefnum verði sýnilegar og verkefni aðgengileg, kennarar öruggari á svæðum	efniviður aðgengilegur verkefni/leikefni tilbúið til notkunar. Kennarar hafa frumkvæði að leiðarljósi.	Hófst vor 2019. Lokið haust 2020.	Deildastjóri, leiks kólastjóri	Fagfundum. Rýnihóp á starfsdegi. Markvisst á deildafundum með því að skoða flæðisbækur.	Kennarar verði öruggari og hefur hugmyndir hvað hægt er að gera á svæðunum. Að kennarar hafi betri yfirsýn yfir hæfni og getu barnanna.
<b>Skráning í flæðisbækur</b>	Kennarar tileinki sér að skrá í flæðisbækur	Flæðisbækur með leiðarvísir hvað á að skrá (sjá fylgigögn)	Haust 2019-vor 2020	Deildarstjóri/ Hópstjórar	Safna gögnum metið með spurningalistum og farið yfir flæðisbækurnar.	Að allir kennarar skrái skilmerkilega eftir hverja stund hvað var gert og hvernig gekk.





## 2 Innra mat Bakki

Þegar við fórum að rýna í umbótaþættina í innra mati fyrir síðasta starfsár, sáu við að það þurfti að byrja á okkur sjálfum sem kennurum/starfsmönnum. Hvernig vinnum við með einkunnarorðin í okkar daglega starfi og var frumkvæði tekið sérstaklega fyrir. Spurningin var „ýta kennsluhættir okkar og aðgengi að efnivið undir frumkvæði hjá börnunum“ þetta voru gagnlegar vangaveltur, sem fengu okkur til þess að vilja halda áfram að vinna með einkunnarorðin okkar, rýna í þau og dýpka skilning allra á þeim. Eftir rýnihópa voru niðurstöður teknar saman og unnið með þær, það varð til þess að deildin tók breytingum út frá orðinu frumkvæði. Námsefni og efniviður er aðgengilegri börnunum. Börnin á deildinn voru líka þátttakendur í að hafa efniviðin sýnilegan og að hanna námsumhverfið sitt. Kennarar/starfsmenn hafa í huga að fara hóflega með vald sitt og stýringu svo frumkvæði barnanna fái að njóta sín. Við ætlum að halda áfram að vinna með einkunnarorðin í barnahópnum, þar sem á síðasta skólaári unnum við með einnkunnarorðin í starfsmannahópnum Umbætur út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs. Það var niðurstaða deildarstarfsmanna þegar átti að fara vinna umbótaþætti að það þyrfti að byrja á eigin viðhorfi.

Sjá fylgigögn 4 Bakki myndir af efnivið, svæðum og hópavinnu starfsfólks.



## Umbótaþættir sem unnið var sérstaklega með á síðasta skólaári 2018-2019:

Umbótaþættir Bakki	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Frumkvæði	Hvernig vinnum við með einkunarorðin í okkar daglega starfi er frumkvæði, ýta kennsluhættir okkar og aðgengi að efnivið undir frumkvæði hjá börnunum	Námsefni og efniviður aðgengilegur. Kennarar hafa frumkvæði að leiðarljósi í kennslu sinni.	Hófst Okt 2018. Lokið maí 2019.	Deildastjórar.	Fagfundum. Rýnihóp á starfsdegi. Markvisst á deildafundum.	Efniviður og námsefni er börnunum aðgengilegri. Kennsluhættir ýta undir frumkvæði í barnahópnum.
Ritmálið sýnilegt	Allur efniviður og kennslugögn séu merkt sýnilegt.	Hillur skúffur og efniviður merktur. Myndir sýndir af frágangi á hverju svæði.	Hóft í apríl 2019 lokið júní 2019	Deildarstjórar	Deildarfundum í fundagerða bók.	Allt er sýnilega merkt börnin vita hvernig frágangur og hvar námsgögn eiga að vera.

## Umbótaþættir sem á að vinna sérstaklega meta á starfsárinu 2019-2020.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Gera einkunnarorð sýnilegri, þannig að foreldrar og börn veiti þeim athygli.	Að vinna með börnunum hvað þýða þessi einkunnarorð hver er þeirra skilningur á þeim.	Vinna í hópum með elstu börnum skólans. Umræður, myndir, teikningar. (Gleði, Frumkvæði og Sköpun)	Vinna hefst haustið 2019 og lokið haust 2020	Deildarstjórar	Vinna með einkunnarorðin í litlum hópum með börnunum. Útbúnað opnar spurningar um einkunnarorðin þar sem hugmyndir og skilningur barnanna á þeim eru tekin saman.	Einkunnarorð skólans verði sýnileg og skiljanleg fyrir leikskólasamfélagið. Verði áþreifanleg og lifandi.



### 3 Ytra mat

Foreldrakönnun var gerð á vegum skóla-og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Niðurstöður hennar komu 21 júní 2019. Markmið könnunarinnar var að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, líðan og stuðning við barnið, upplýsingaflæði og stjórnun.

Við erum einstaklega ánægð með niðurstöður könnunarinnar og hvað margir svöruðu henni. Foreldrar eru ánægðir með okkar góða starf og starfsmannahópinn hér á Skerjagarði. Gott líka hvað börnunum líður vel og eru ánægð hér hjá okkur.

Niðurstöðurnar eru hvattning til að halda áfram með okkar góða starf og gott fyrir starfsmannahópinn að fá viðurkenningu og hrós fyrir vel unnið starf.

Þar sem allir liðir voru með græna einkunn hjá okkur nema einn var ljósgrænn. Sá liður fellur undir *Foreldrar og stafjið. Leitar leikskólinn til mín eftir tillögum og hugmyndum.*

Þar sem hluti af fagfólk leikskólans er farið í sumarfrí viljum við því taka þetta fyrir á fagfundum í ágúst.

En til að gera þennan lið betri eru komnar nú þegar hugmyndir eða drög af umbótaáætlun.

- Að kynna fyrir foreldrum á foreldrakynningu í haust, þegar börnin hafa valið viðfangsefni sem taka á fyrir hverju sinni. Sýrja hvort foreldrar hafa einhverjar hugmyndir eða tillögur sem hægt er að vinna með börnunum t.d vettvangsferðir eða efnivið og kennslugögn sem hægt er að styðjast við.
- Að kynna fyrir foreldrum öðruvísi daga sem eru á stundaskrá mánaðarins en börnin koma með hugmyndir af þessum dögum. Fá foreldra til að taka þátt í því með börnunum sínum ræða saman og koma með innleg í þær hugmyndir barnanna.

**Umbótaáætlun verður gerð síðar ásamt fagfóki skólans og starfsmönnum á starfsdegi í haust.**



## 4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Nýir starfsmenn/kennarar voru teknir í leiðbeingarviðtöl það var eitt að því sem við ætluðum að gera enn betur það hefur tekist vel faghópur fer reglulega yfir starfsmannamál. Við fagfólkið hvetjum okkar fólk að skoða sjálf sig í starfi og minna sig á allt það sem vel er gert í starfinu og hafa í huga að gagnrýni er alltaf til góðs. Jákvæðni er alltaf höfð að leiðarljósi. Deildarstjórar hafa lagt sig fram að hrósa starfsfólki sínu og hvetja það til að sýna frumkvæði í starfi enda er það mikilvægt til þess að gera leikskólastarf gott. Í starfsþróunur viðtölunum kom það skýrt fram að þeir fengu góða leiðsögn og hrós í starfi. Starfsfólk langar að sækja námskeið um samskipti barna og tengja það við leikinn einng að fá fleiri hugmyndir í útikennslu.

**Starfsþróunarsamtöl :** Starfsþróunarsamtal fara fram á skrifstofu leikskólastjóra einu sinni á ári og fá starfsmenn þá punkta með áhersluatriðum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Viðtölin fara fram í mars-maí. Leiðbeiningarviðtöl eru á þriggja til fimm vikna fresti með nýjum starfsmönnum og þar eru fyllt út þar til gerð eyðublöð.

### Símenntun frá síðasta ári

- Ráðstefna hjá samtökum atvinnuúfsins. Líður öllum vel (Fjórir kennarar)
- Dagur skólastjórnanda. SSK (Leikskóla- og aðstoðarleikstjóri)
- Könnunnaraðferðin. Sólís Harðardóttir (Allir)
- Virkni í starfi Sara Dögg Guðmundsdóttir (Allir)
- Miðju máls og læsi lærdómssamfélag (2 kennarar)
- Myndbandsýnikennsla (video modeling ) (2 kennarar)
- Kvíði barna og unglunga (kennari)
- Trans börn í skólakefinu ssk (2 kennarar )
- Námskeið í innra mati. Skóla – og frístundasvið (Kennari)
- Námskeið um vináttu Barnaheill ( 8 starfsmenn/kennarar.)
- Námsferð: Massage and social play in kindergardens. Legefabrikken ( 6 kennarar)

**Áætlun um símenntun í leikskólanum** Við erum með símenntun sem tekur mið af umbótaráætlun á hverju ári. Starfsþróun leikskólans fyrir næsta skólaár er að skoða þau námskeið sem verða í boði hverju sinni og aðra fræðslu sem býðst n.k. vetur sem tengist starfi leikskólans, það sem búið er að ákveða fyrir næsta skólár er :

- Skyndihjálparnámskeið.
- Lubba námskeið á starfsdegi.
- Námsferð erlends dýpka okkur í vináttuverkefni Barnaheilla. Útikennsla.



## 4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna er á milli leik- og grunnskóla, Aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning á milli skólastiga. Fundur var í Melaskóla í maí um hvernig á að skila börnum á milli skólastiga. Búið er að ákveða hvaða upplýsingar eiga að fylgja hverju barni á milli skólastiga. Það verður sérstaklega lögð áhersla á styrkleika barnsins og áhugasvið þess einnig hagnýt atriði sem gætu hjálpað barninu við flutninginn. Einnig hafa börnin svarað spurningum um sjálft sig sem þau telja að sé gott fyrir kennarann að vita. Það form var ákveðið á sameiginlegum fundi leik- og grunnskóla núna í maí en öll börn í Vestubænum gera litla bók. Önnur gögn sem kennarar skila af sér á milli skólastiga eins og niðurstöður úr Hljóm – 2 og öðrum athugunum þurfa foreldrar að gefa skriflegt samþykki fyrir.

Samstarf Melaskóla og Skerjagarðs.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
23 janúar kl. 10 (Óstaðfest vor 2020)	Börnin kynnst Bókasafni skólans og fá að skoða skólastofu.	Melaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
26 mars kl 9:00 (Óstaðfest vor 2020)	Börnin kynnst hvernig er að vera í íþróttatíma.	Melaskóli.	Kennarar beggja skólastiga.
17 maí kl 13:00 (Óstaðfest vor 2020)	Kynnst Selinu frístund.	Melaskóli	Kennarar beggja skólastiga.
4 júní kl 12:40 (Óstaðfest vor 2020)	1.bekkur kemur í heimsókn á Skerjagarð.	Skerjagarður	Deildarstjóri elstu barna sér um skipulag.
14 maí kl 11:00	Samstarfáætlun á milli skólastiga	Melaskóli.	Skólastjórnendur leik-og grunnskóla.
September 2019	Farið yfir öll börn sem 1.bekk.	Melaskóli	Leikskólakennari og grunnskólakennari.



## 5 Foreldrasamvinna

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína á Skerjagarði verða foreldrar/forráðmenn meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári á haustin eða í september.

### Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs.

- Telma Magnúsdóttir gjaldkeri
- Súsanna Pétursdóttir formaður
- Ólöf Viktorsdóttir meðstjórnandi.
- Guðrún Dóra Steindórsdóttir meðstjórnandi.
- Steinunn Bergs ritari
- Lilja Garðarsdóttir meðstjórnandi.

### Framkvæmd starfsins

- Að hafa gaman saman og foreldrar hafi tækifæri á að taka þátt og hafa áhrif á leikskólastarfið.
- Efla samvinnu og samskipti leikskólans við fjölskyldur.
- Að stuðla að góðu upplýsingastreymi til foreldra.
- Að gagnkvæm virðing ríki á milli starfsfólks og foreldra
- Standa fyrir fræðslukvöldi fyrir foreldra á hverju skólaári.
- Foreldrafélagið sér um uppákomur fyrir börnin fyrir utan leikskólatíma meðal annars: bío í leikskólanum, húsdýragarðinn og sleðaferð.

Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið, foreldrafélagið hefur notað þá peninga sem inn koma til að taka þátt í ýmsum uppákomum. Jólaball með foreldrum og systkinum ásamt starfsfólki. Á opnu húsi í maí gefur foreldrafélagið útskriftarnemum pennaveski. Foreldrar koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð. Farið er í sveitaferð með foreldrum, systkinum og starfsfólki leikskólans.

### Upplýsingagjöf

Heimsóknardagar eru tvisvar á ári á Bakka og einu sinni á ári á Bóli, þar sem foreldrar geta komið í heimsókn og kynnst leikskólastarfinu. Þessar uppákomur eru góður vettvangur fyrir foreldra og starfsfólk að kynnst, skiptast á skoðunum og sameinar alla aðila um að gera góðan leikskóla enn betri. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu, Karellen fyrir foreldra, tölvupóst, fréttabréf, stundaskrá mánaðarins og upplýsingatöflum í fataklefum.



## Foreldrafundir og foreldraviðtöl

- Nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal við deildarstjóra og leikskólastjóra. Þar sem við kynnum fyrir þeim starfið á Skerjagarði og hvernig þátttökuaðlögun er háttað. Væntingar foreldra til leikskólans eru ræddar ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum um barnið.
- Foreldrakynning á báðum deildum er að hausti 10.-12. september þar sem starfið og starfsfólk er kynnt.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á strafsári að hausti 12.-14. nóvember og að vori 24.-26. mars. Þar er farið yfir almennan þroska og líðan barnsins ásamt væntingum foreldra til leikskólans. Farið er yfir einstaklingsnámsskrá og ferilsbók.

### Hvernig er samskiptum við erlenda foreldra háttað

Þegar barn byrjar í leikskólanum þá er fyrsta viðtal við foreldra þar sem við tölum um væntingar foreldra, menningu, trúmál og annað sem tengist barninu. Á Skerjagarði berum við virðingu fyrir þörfum og skoðunum annarra. Stjórnendur skólans hafa tekið að sér að miðla til starfsfólks ef það eru sérstakir þættir sem hafa þarf í huga varðandi hvert barn af erlendum uppruna. Með því að ýta undir fjölmenningu stuðlum við að mannréttindum, lýðræði og jafnrétti. Fagfólk leikskólans sér um að miðla til annarra starfsmanna og foreldra og að markmiðum og leiðum sé náð í fjölmenningu

## Fylgigögn

- a. Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning
- b. Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- c. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Sóldís Harðardóttir - Leikskólastjóri  
Guðfinna Kristjánsdóttir -aðstoðarleikskólastjóri.

Dagsetning: 25 júní 2019







## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Einstaklingsnámsskrá er unnin af ábyrgðamanns sérkennslu í samvinnu við leikskólastjóra, foreldra og fagaðila. Markmiðin eru sértæk og árangurstengd, við höfum styrkleika barnsins ávallt í huga. Markmið eru sett niður, hvernig þau skulu framkvæmd og hvar. Árangur er metin á hverju misseri, oftast ef það á við og fylgst með hvort áherslubreyting eða frekari greining sé þörf. Upplýsingar um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti og alltaf í samráði við foreldra. Haldnir eru teymisfundir og foreldrar upplýstir um íhlutun barna sinna. Foreldrar eru með í ráðum og koma með athugasemdir. Foreldrar eru þátttakendur í einstaklingsnámsskrá. Samskiptabækur/síður eru notaðar þegar samskipti þurfa að vera ítarlegri og reglulegri. Foreldrar geta einnig leitað til leikskólans eftir ráðum annahvort í gegnum póst, símann eða óskað eftir viðtali.

Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöðinni. Samráðsfundir eru haldnir tvisvar á ári með sérfræðingum frá þjónustumiðstöð þar sem við ræðum um börn sem okkur grunar um þroskafrávik og við fáum samtal og ráð um næstu skref. Við höfum sérkennsluráðgjafara frá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða sem starfar með okkur í teymi þegar barn hefur fengið íhlutun. Einnig höfum við verið í samstarfi við sérfræðinga frá æfingastöðinni og talmeinafræðinga.

Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámsskrá, farið er yfir hvert barn á starfsdegi á haustin og á deildarfundum. Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.

### Áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum.

- Leikskólastjóri og ábyrgðarmaður sérkennslu í samvinnu við foreldra skoða frávik.
- Rætt á deildarfundum við starfsmenn/ kennara deilda. Athuganir eru gerðar.
- Haft er samband við þjónustumiðstöð og sérkennsluráðgafi fengin til samstarfs.
- Ábyrgðarmaður sérkennslu gerir áætlun með sérkennsluráðgafa.
- Beiðni um athugun sérfræðinga þjónustumiðstöðvar
- Niðurstöður metnar og foreldrum kynntar niðurstöður
- Einstaklingsnámsskrá
  1. Markmið eru sett niður
  2. Hvernig þau skulu framkvæmd og hvar
  3. Farið yfir með starfsfólki deildar

Við notum viðurkennda matslista til að meta og vinna með frávik.

### Matslistar

Íslenski þroskalistinn, TRAS, HLJÓM, ABLLS, ORÐASKIL og Atferliskráning.



Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	Nei	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	2	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	3	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Já	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð Vestubæjar, Miðbæjar og Hliðar. Æfingastöðin.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	



## Niðurstöður innra mats

Umbótaþættir sem unnið var með voru að starfsfólk þekki verkferla vegna sérfræðiþjónustu. Farið var vel yfir þessa verkferla á starfdegi eins farið yfir þau börn sem eru í stuðning. Við teljum viðmið um árangur hafi náðst.

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Þekking starfsmanna á sérkennslu- gögnum. Notkun þeirra í samverustundum og spilastundum.</b>	Að starfsfólk þekki og tileinki sér sérkennslugögnin sem til eru. Hvernig eigi að nota þau í starfi.	Kynning á starfsdegi þar sem farið er yfir efnið og það prófað.	Sept -maí	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri	Metið reglulega á deildafundum. Skráð í fundagerða- bók metið 4xári. Faghópur fer yfir framkvæmd.	Að starfsfólk þekki og hafi tileinkað sér sérkennslu- gögnin í daglegu starfi.



## Fylgiskjal 2

Við reynum eftir fremsta megni að mæta ólíkum þörfum allra. Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá sérstakan stuðning og málörvun í íslensku. Kennslugögn hafa verið keypt sem ýta undir máltöku. Stjórnendur skólans hafa tekið að sér að miðla til starfsfólks ef það eru sérstakir þættir sem hafa þarf í huga varðandi hvert barn af erlendum uppruna. Tengiliður fjölmennningar í leikskólanum er Sara Dögg Guðmundsdóttir sem sér um sérkennsluna á Skerjagarði.



Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Markvissar og litlar samverustundir. Lesum bækur sem eru valdar með tilliti til barnahópsins. Áherslu á að velja bækur þar sem litarháttur, kyn og umfjöllunarefnið er fjölbreytt og endurspeglar ólíka einstaklinga.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Orðaskil til að fylgjast með orðaforða TRAS og Hljóm-2. Starfsmenn leggi orð á allar athafnir dagsins, dagskipulagið myndrænt og sýnilegt. Ritmál er sýnilegt, börnin eiga sín sæti sem eru merkt og helstu innanstokksmunir eru merktir.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Fjölbreytt spil og gögn sem við vinnum með í litlum hópum. Kennslugögn frá Super Duper Publications þar sem við vinum með spurnarfornöfn, afstöðuhugtök, setningaröðun og fleira. Ljáðu mér eyra með eldri börnunum. Við leggjum áherslu á þulur, ljóð, söngva og lestur í daglegu starfi.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	TRAS, Orðaskil, Einstaklingsáætlun. Ferilsbækur fylgst með framförum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> <li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>	Já	Hópastarfi, framsögn, tjáning, leiklist, sögugerð. Ljáðu mér eyra elstu börnin. Tónlist, hlustun, taktur. Ritmál sýnilegt og stafrófið, tölur. Vináttuverkefn Barnaheilla, unnið með tilfinningar og félagslegt tungumál. Lýðræði börnin hafa rödd. Börn eru virk í ákvörðunnartöku. Styrkleikar teknir fram í einstaklingaáætlun.



## Fylgiskjal 3

# Starfsáætlun 2019 – 2020 Nafn leikskóla

## Umsögn foreldraráðs

### Foreldraráð leikskólans skipa:

Súsanna Pétursdóttir, formaður  
Telma Magnúsdóttir, gjaldkeri  
Guðrún Dóra Steindórsdóttir, meðstjórnandi  
Steinunn Bergs, meðstjórnandi  
Ólöf Viktorsdóttir, meðstjórnandi  
Sóldís Harðardóttir, tengiliður leikskólans



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Skerjagarðs hefur fengið starfsáætlun Skerjagarðs fyrir árið 2019-2020 til yfirlestrar og lýsir ráðið yfir almennri ánægju með áætlunina, sem og starfið sem unnið hefur verið síðasta árið. Að mati ráðsins er á leikskólanum Skerjagarði unnið metnaðarfullt og einstaklega faglegt og gott starf sem tekur mið af áhugasviði barnanna auk eflingu mikilvægra þátta í félagsfærni þeirra.

Síðasta árið hefur mikil áhersla verið á lýðræði og lýðræðislega ferla sem efla þátttöku barnanna sjálfra í ákvarðanatökum er varða þau og dagskrá náms þeirra. Unnið er eftir könnunaraðferðinni en





frumkvæði og áhugasvið barnanna sjálfra látið stýra för. Kennarar hafa svo fylgt vel eftir stefnunni sem börnin hafa valið og aðáunarvert er að fylgjast með hvernig unnin hafa verið skapandi verkefni fyrir börnin upp úr ótrúlega frumlegum efniviði.

Útikennslan heldur áfram að eflast og dafna utan leikskólalóðarinnar auk þess sem umbætur áttu sér stað í byrjun síðasta skólaárs á leikskólalóðinni sem urðu til þess að öryggi barnanna væri enn frekar tryggt í leik þeirra og daglegu starfi. Þá hefur þátttaka leikskólans í vináttuverkefni Barnaheilla þar sem markmiðið er að efla jákvæð samskipti í barnahópnum einnig mælst vel fyrir.

Samskipti foreldra og starfsmanna eru mjög góð, almennt má finna fyrir að starfsfólki er mjög umhugað um velferð barnanna og að vel sé hugsað um börnin á Skerjagarði. Þátttaka foreldra í starfi leikskólans er boðin velkomin og vel er í það tekið ef foreldrar koma með athugasemdir eða tillögur að úrbótum í starfi. Með upptöku Karellen-kerfisins á síðasta ári hefur upplýsingagjöf milli foreldra og leikskóla einnig verið stórbætt og upplýsingagjöf gengur í báðar áttir milli foreldra og leikskólastjórnenda í gegnum app/heimasíðu Karellen sem gefur foreldrum tækifæri til að ræða frekar við börnin hvað þau fást við og læra í leikskólanum á hverjum degi.

Mjög ánægjulegt er að sjá að starfsandinn á leikskólanum heldur áfram að vera einstaklega góður, enda er ánægja starfsmanna mikilvæg til að skapa nauðsynlega festu í starfi skólans, sem svo skilar sér í aukinni ánægju barnanna.

Hin mikla gleði sem sést hjá bæði börnunum og starfsfólki leikskólans er afskaplega einkennandi fyrir starfsemi Skerjagarðs, en einnig ber að nefna hina miklu virðingu fyrir börnunum sjálfum og áhuga þeirra sjálfra sem einkenna hið frábæra starf sem unnið er á leikskólanum Skerjagarði.



